

Skipulags- og byggingarfulltrúi Uppsveita  
Dalbraut 12  
840 LAUGARVATN

Garðabær, 16. desember 2021  
Tilvísun: 202111-0018  
SS  
la

## Efni: Umsögn um deiliskipulagstillögu vegna gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Uppsveita dags. 9. nóvember 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands á deiliskipulagstillögu vegna gufuafsvirkjunar á Folaldahálsi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið er í auglýsingu samhliða aðalskipulagsbreytingunni til 17. desember 2021.

Náttúrufræðistofnun gaf umsögn til Skipulagsstofnunar 26. febrúar 2021 um hvort og á hvaða forsendum nýting á jarðhita til raforku í landi Króks skulið háð mati á umhverfisáhrifum

([https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/jardvarmanyting\\_i\\_landi\\_kroks.pdf](https://www.ni.is/sites/ni.is/files/atoms/files/jardvarmanyting_i_landi_kroks.pdf)). Niðurstaða Náttúrufræðistofnunar var að full þörf væri að gera betur grein fyrir áhrifum virkjunarinnar á Grændal sem hefur hátt eða mjög hátt verndargildi. Þetta álit stofnunarinnar hefur ekki breyst.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir deiliskipulagstillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að ekki hafi verið sýnt fram á með óyggjandi hætti að fyrirhuguð orkunýting á Folaldahálsi hafi **ekki** áhrif á jarðhitasvæðið og lífríkið í Grændal, en svæðið er metið með hátt eða mjög hátt verndargildi á lands- og heimsvísu. Í þessu samhengi má t.d. benda á texta á bls. 9 þar sem stendur „*Skolvatn frá svarfþrónni verður leitt um rör niður í nærliggjandi sprungu eða læk þangað sem þéttivatni frá virkjuninni verður veitt í framtíðinni. Þéttivatn frá virkjuninni er áætlað um 6 l/s og verður það leitt til förgunar um niðurgrafið rör í nærliggjandi læk eða sprungu þaðan sem það mun blandast grunnvatni á svæðinu sem er nú þegar blandað jarðhitavatni.*“ Hvert fer þetta affallsvatn og hvaða áhrif hefur það á vatnasvið Grændals, lífríki og nærliggjandi umhverfi?

Náttúrufræðistofnun telur neikvætt að hverfisvernd svæðisins (H13) verði afnumin í aðalskipulagi sveitarfélagsins vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Á bls. 9 stendur „*Hverfisverndarsvæðið er nr. H13 Laki, Álftatjörn og Efri-Kattatjörn. Í aðalskipulaginu kemur fram sú stefna að vernda svæði á náttúruminjaskrá sem mest verndargildi hafa, undir ákvæðum hverfisverndar, og enn fremur þau svæði önnur sem hafa verndargildi en eru ekki á náttúruminjaskrá. Tilgangur með hverfisverndinni eru að koma til móts við náttúruverndarsjónarmið, sbr. náttúruminjaskrá og náttúruverndaráætlun, og tryggja umhverfisgæði í sveitarfélaginu.*“ og enn fremur á bls. 10 „*Ákvæði er í*




*aðalskipulaginu að ekki er litið á svæði á náttúruminjaskrá sem verndarsvæði í heild sinni en á þeim svæðum verði farið varlegar í framkvæmdir. Ekki verður farið inná svæði á náttúruminjaskrá með nýtt iðnaðarsvæði.*“ Náttúrufræðistofnun vill í þessu samhengi benda á að Fólaldaháls er að hluta innan B-hluta tillögu Náttúrufræðistofnunar á framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrár, Grændalur (<https://www.ni.is/greinar/su-graendalur>).

Aðrar athugasemdir

- Mynd 3, myndatexti þarf að vera nákvæmari. Rautt skástrikað svæði sýnir mörk háhitasvæðis, sem er eitt af náttúrufræðistofnun sem sérstök vernd nær yfir. Á myndinni eru einnig kortlögð fleiri fyrirbæri sem sérstök vernd á við um t.d. votlendi (appelsínugult) og tjarnir (blátt).
- Gera þarf grein fyrir áhrifum lýsingar við framkvæmdasvæðið og áhrif þess á myrkvunargæði.
- Meta þarf getu núverandi slóðar (línuvegir) að framkvæmdasvæðinu til að bera þungaflutninga s.s. flutningur á jarðbor og efnisflutningar vegna framkvæmda.
- Undarlegt að í töflu 1 um umhverfisþætti og töflu 2 um samanburð valkosta, skuli jarðmyndanir settar með náttúruminja- og hverfisverndarsvæðum. Venjan er að fjalla sérstaklega um verndarsvæði.
- Ekki eru vitað um áhrif jarðhitanýtingar á jarðhita og lífríki Grændals og því tekur Náttúrufræðistofnun ekki undir þá niðurstöðu að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á jarðmyndanir.
- Ekki er hægt að segja að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á náttúruminjasvæði og hverfisvernd, sérstaklega þegar sú síðarnefnda er afnumin vegna framkvæmd.
- Ekki er hægt að segja að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á ásynd og landslag þegar ný mannvirki með hljóð- og ljósmengun bætast við svæðið.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar

